

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um vörubifreiðar og sendibifreiðar, sem notaðar eru til leiguaksturs og takmarkanir á fjölda þeirra, nr. 121/1990, ásamt síðari breytingum.

1. gr.

27. tölul. 7. gr. orðist svo:

Á félagssvæði Vörubílstjórafélagsins Mjólnis sem er Árnessýsla og Selfoss. Hámarkstala er 30 vörubifreiðar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar, nr. 77/1989, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 14. september 1992.

Halldór Blöndal.

Ólafur S. Valdimarsson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Baldvins og Margrétar Dungal.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Baldvins og Margrétar Dungal. Hann er stofnaður til minningar um Baldvin Dungal sem fæddist 24. júlí 1903 og lést 5. mars 1969 og Margréti Dungal sem fæddist 19. september 1918 og lést 25. apríl 1992.

2. gr.

Heimili sjóðsins er í Reykjavík.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er framlag Pennans sf. að fjárhæð kr. 500 000,00. Stofnfé má ekki skerða.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að vísindalegri rannsóknarstarfsemi og efla menningu, listir, umhverfisvernd og líknarstarfsemi með styrkveitingu til einstaklinga og félaga. Skal stjórn sjóðsins heimilt að veita fé úr sjóðnum í ofangreindu skyni þegar hún sér ástæðu til í samræmi við nánari reglur sem hún setur sér.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir af fé sjóðsins, árleg framlög og aðrar tekjur.